

## Skötuvísur 2010

Nú er okkur mörgum mál,  
margt hér gott og veigar fljóta,  
blótum Þorlák, bergjum skál,  
bræður, - dagsins skulum njóta.

Vonir hafa, vinir, ræst  
víst er best að engu flana,  
Skatan römm og kyngi kæst  
kitlar aftur bragðlaukana.

Nú er gott að spjalla og spá,  
spyrja, pæla, kryfja og svara.  
Hvar mun bjáta eitthvað á  
eða hvert er best að fara?

Enga glætu enn ég sé,  
ennþá basl með krónu veika.  
Eigum við leið með ESB?  
mun evran tryggja stöðugleika?

Hvar eru hin breiðu bök?  
Bófar forðast arminn langa.  
Mun hér einhver sannast sök  
og sakamenn í gálga hanga?

Rannsókn tekur ótal ár  
ekkert misjafnt kannski sönnnum.  
Munum við heimta fúlgur fjár  
af fingralöngum glæpamönnum?

Víst það heldur tæpt ég tel  
tekst þeim fenginn vel að dylja  
Spurning hvort þeim vegnar vel  
virðast flestar slóðir hylja.

Eru ráðin ekki ný,  
eymd og basl hjá fjölda manna.  
En Skúlí setur orku í  
að eyða gati fjárlaganna.

Öll við munum færa fórn,  
framundan er harður slagur,  
en kannski veltur vinstri stjórn  
og von að skáni landsins hagur.

Nú við gerum gamanmál  
og gleðjumst yfir öllu þessu.  
Heiðrum Frosta, hefjum skál  
og hlökkum til næstu Þorláksmessu.